

kr. 90000.00, nú að eftirstöðvum kr. 75000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi og þess, að honum verði dæmdur 2. veðréttur og uppfærsluréttur í Bústaðabletti 12 við Sogaveg ásamt öllum mannvirkjum og annar veðréttur og uppfærsluréttur í þrem útungunarsvællum og 1. veðréttur í öllum hænsnum í hænsnahúsunum á Bústaðabletti 12 til tryggingar framangreindum kröfum, en eignir þessar eru veðsettar til tryggingar kröfunum í ofangreindu skuldabréfi.

Mál þetta var þingfest á bæjarþinginu hinn 24. júní s. l., og fékk stefndi þá frest til ritunar greinargerðar til 2. þ. m. Í þinghaldi þann dag óskaði stefndi eftir 2 vikna framhaldsfresti, þar eð lögmaður sá, er hann ætlaði að fela meðferð málsins, væri erlendis. Með úrskurði uppkveðnum 6. s. m. var stefnda veittur frestur til 16. þ. m., en í þinghaldi þann dag óskaði hann enn eftir fresti í sama skyni.

Stefnandi andmælti öllum frekari fresti, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda.

Með vísan til þess, sem að framan segir, verður að telja, að stefndi hafi þegar haft nægan tíma til þess að tjá sig um kröfur stefnanda, enda virðast sakarefni vera ljós og óbrotin. Gegn mótmælum stefnanda þykir því ekki unnt að verða við kröfum hans í þessu efni, og ber að synja um hinn umbeðna frest.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

**Því úrskurðast:**

Hinn umbeðni frestur verður eigi veittur.

Föstudaginn 17. október 1947.

Nr. 65/1946. **Kristján Benediktsson**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Lúther Hróbjartssyni** (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Heimt kaupverð báts.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. maí f. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Benediktsson, greiði stefnda, Lúther Hróbjartssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Lúther Hróbjartsson, umsjónarmaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. október s. l., gegn Kristjáni Benediktssyni verkstjóra, Bústaðabletti 3 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2700.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að þann 13. sept. s. l. hafi verið auglýst í einu dagblaði bæjarins eftir fjögurramannafari til kaups. Hafi hann gefið sig fram eftir auglýsingunni, þar sem hann hafi átt slíkan bát. Var báturinn nokkuð gamall, og fylgdi honum vél, tveggja ára gömul, en sama og ekkert notuð. Var vélin þó ekki í bátnum sjálfum. Bátur þessi og vélin hafi verið geymd í geymsiu við Austurbæjarbarnaskólann hér í bænum. Stefndi, sem hafi auglýst, hafi komið til sín og litið á bát og vél. Kveðst stefnandi hafa viljað selja bátinn á kr. 1200.00, en vélina fyrir kr. 1500.00, eða kr. 2700.00 hvorttveggja. Stefndi hafi ekkert haft við verðið að athuga, en tekið fram, að hann væri ekki dómbær um gæði bátsins og myndi því fá sérfróðan mann til að skoða hann. Þá kveðst stefnandi hafa sagt stefnda, að eitt borð í bátnum væri rifið. Þann 17. sept. s. l. hafi stefndi hringt til sín og spurt sig, hvort hann hefði sett vélina í bátina. Stefnandi kveðst hafa neitað því og sagt, að hann hefði haldið, að stefndi væri hættur við kaupin. Stefndi hafi þá sagt, að það væri nú eitthvað annað og að hann hefði fengið sérfróðan

mann til að skoða bátinn. Nokkru síðar hafi komið maður frá stefnda og skoðað bátinn. Hafi hann sagt bátinn vera prýðilega fleytu og að hann mundi gefa honum beztu meðmæli, en stefnandi kveðst hafa sýnt honum rifna borðið, sem áður greinir. Um hálfri stundu síðar hafi komið hópur manna á bifreið, og sögðust þeir vera sendir frá stefnda til þess að sækja bátinn og vélina. Kveðst stefnandi hafa afhent þeim hvort tveggja og þar með talið, að kaup þeirra aðiljanna væru gerð, enda ekki hafa sleppt bátnum úr sínum vörzlum, ef hann hefði talið annað. Næsta dag hafi stefndi hins vegar hringt til sín og sagt, að báturinn væri gallaður og hann vildi ekki kaupa hann. Kveðst stefnandi þá hafa mótmælt, að báturinn væri gallaður, og sagt, að kaupin væru að fullu gerð, og hann tæki ekki við bátnum aftur. Eftir nokkurt umtal, hafi stefndi slitið simtalinu. Þann 21. september s. l. hafi stefndi sent til sín mann með þau skilaboð, að hann ætlaði að skila bátnum aftur, en stefnandi kveðst hafa mótmælt því. Enn hafi stefndi sent til sín mann, þangað sem hann (stefnandi) var að vinna við höfnina, og hafi sá sendiboði sagt, að stefndi hafi skilað bátnum á leikvöll Austurbæjarbarnaskólans. Stefnandi kveðst hafa neitað við sendiboðann að veita bátnum viðtöku og mótmælt heimild stefnda til að skila honum. Stefnandi kveðst hins vegar hafa orðið þess var, er hann kom heim, að skólabörn, sem þarna voru að leik, voru búin að gera bát og vél að leikfangi og týna og spilla hlutum í þeim. Stefnandi kveðst síðan ekkert hafa skipt sér af bátnum eða vélinni. Að lokum muni lögreglan að kröfu skólastjórans hafa hirt hluti þessa og líklega sett þá á geymslusvæði það, er hún hafi fyrir hluti, er séu til trafala á almannafæri. Kveðst stefnandi síðan strax næsta dag hafa sent stefnda kröfubréf um greiðslu kaupverðsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi hafi keypt af sér nefndan bát og vél, og beri honum því að greiða kaupverðið. Stefnandi hafi enga ástæðu haft til að rifta kaupunum, enda hafi hann látið sérfróðan mann skoða bátinn, áður en kaupin fóru fram.

Stefndi skýrir svo frá málavöxtum, að um miðjan september s. l. hafi hann auglýst eftir fjögurramannafari. Stefnandi hafi gefið sig fram og boðið sér bát og vél, er hann hafi átt geymd í skýli við Austurbæjarbarnaskólann hér í bænum, og skyldi báturinn kosta kr. 1200.00, en vélin kr. 1500.00. Stefnandi kveðst síðan hafa litið á bátinn, en vegna þrengsla í geymslunni hafi ekki verið hægt að grannskoða hann, enda kveðst stefndi ekki hafa sérþekkingu til að dæma um gæði hans. Nokkrum dögum seinna kveðst stefndi hafa hringt til stefnanda og tjáð honum, að hann (stefndi) vildi ekki kaupa bátinn og vélina, nema báturinn reyndist sjófær við skoðun. Enn fremur kveðst stefndi hafa sagt, að vegna þrengsla í geymslunni væri ekki hægt að hvolfa bátnum og skoða botn hans, og vildi hann því, að báturinn væri fluttur í skála við höfnina og honum

hvolft þar. Hafi stefnandi ekkert haft við þetta að athuga. Í þessu sambandi hefur stefndi tekið fram, að sérfróður maður hafi skoðað bátinn fyrir sig í geymslunni hjá stefnanda og ekki séð þar annað athugavert við hann, nema rifu í einu borði, er stefnandi hafi bent á, og sem ekki hafi verið það verulegur galli, að staðið hefði fyrir kaupum af sinni hálfu. Hins vegar hafi maður þessi ekki þótt geta skoðað bátinn vel hjá stefnanda vegna þrengsla. Síðan kveðst stefndi hafa látið sækja bátinn til stefnanda. Var báturinn fluttur í skála hér við höfnina og hvolft þar. Hafi þar hinn sami sérfróði maður skoðað hann og þá talið hann mjög gallaðan, t. d. hafi þrjú borð með seymingu bátsins verið rifin. — Kveðst stefndi þá straks hafa bringt til stefnanda og sagt honum, að hann vildi hvorki kaupa bátinn né vélina og mundi skila honum hvorutveggja. Síðan kveðst stefndi hafa skilað stefnanda bátinum á öðrum eða þriðja degi, eftir að hann sótti hann. Hafi hann tilkynnt stefnanda þetta rétt áður, en stefnandi hafi ekki verið við, er komið hafi verið með bátinn, og geymsla sú, er báturinn hafði verið í, lokuð. Hafi báturinn því verið skorðaður við hlið geymslunnar og stefnanda tilkynnt það með sendiboða.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í *fyrsta lagi* á því, að kaup hafi aldrei gerzt á milli þeirra aðiljanna. Hann hafi aðeins tekið bátinn til sín í þeim tilgangi að skoða hann vel. Stefnanda hafi verið kunnugt um þetta og því enga ástæðu haft til að ætla, að stefndi hefði þar með keypt bátinn, enda það skilyrði fyrir kaupunum af sinni hálfu, að báturinn reyndist ógallaður og sjófær.

Maður sá, er skoðaði bátinn fyrir stefnda í geymslu stefnanda, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi sagt stefnanda, að lokinni skoðun, að sér litist vel á bátinn, en ekki væri hægt að grannskoða hann þar vegna þrengsla.

Stefnandi hefur ákveðið haldið því fram, að bátinn hafi fullkomlega mátt skoða í geymslu hans, enda hægt að hvolfa honum þar, og hefur mótmælt því, að nefndur skoðunarmaður hafi nokkrum athugasemdum hreyft í gagnstæða átt. Gegn þessum andmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að honum hafi verið kunnugt um þá ætlun stefnda að láta skoða bátinn frekar. Þá er og ósönnuð gegn mótmælum stefnanda sú staðhæfing stefnda, að hann hafi fengið heimild stefnanda til að taka bátinn í sínar vörzlur til skoðunar. Með skirskotun til þessa og þegar þess er gætt, að stefndi lét sækja bæði bát og vél til stefnanda með þeim hætti, sem að framan er lýst, þá verður að telja, að stefnandi hafi, eins og á stóð, mátt treysta því, að kaup hafi þá gerzt með þeim aðiljum, enda virðist hafa verið samkomulag um kaupverðið út af fyrir sig. Verður því þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Í *öðru lagi* byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að þótt svo yrði litið á, að kaup hafi gerzt með þeim aðiljum, þá hafi hann

haft fulla heimild til að rifta kaupunum vegna galla þeirra, er hafi verið á bátnum og í ljós hafi komið straks og hann var skoðaður rækilega. Þannig hafi þá komið í ljós, að áðurgreind þrjú borð voru rifin og að fúi var í rifunum, en það hafi og strax verið tilkynnt stefnanda.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að nokkrir þeir aðrir gallar hafi verið á bátnum, er hann fór úr hans vörzlum, en þeir, sem hann hafi bent bæði stefnda og skoðunarmanninum á. Gegn þessum mótmælum stefnanda hefur stefnda ekki tekizt að sanna staðhæfingu sína um frekari galla á bátnum en stefnandi telur. Auk þessa hafði stefndi rannsakað bátinn, áður en kaupin gerðust, og samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 39 frá 1922 getur hann því ekki eftir á borið fyrir sig framangreinda galla, sem hann taldi vera á bátnum. Þessi sýknuástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Með skírskotun til framanritaðs og þar sem ekki er leitt í ljós, að söluverð báts og vélar hafi verið ósanngjarnt, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Kristján Benediktsson, greiði stefnanda, Lúther Hróbjartssyni, kr. 2700.00 með 6% ársvöxtum frá 8. október 1945 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.